

371. fundur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 4. maí 2023 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.**Mætt:**

Björn H Hilmarsson
 Júníana Björg Óttarsdóttir
 Auður Kjartansdóttir
 Eiríkur Böðvar Rúnarsson í fjarveru JBJ
 Michael Gluszuk
 Margrét Sif Sævarsdóttir
 Fríða Sveinsdóttir
 Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
 Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Var að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:**1) Ársreikningur Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2022. Seinni umræða.**

Endurskoðendur Snæfellsbæjar mættu á fundinn undir þessum lið og fylgdu ársreikningi úr hlaði ásamt því að fara yfir samanburð á ársreikningum sveitarfélaganna á Snæfellsnesi. Jafnframt mættu forstöðumenn stofnana.

Ársreikningurinn er settur fram samkvæmt reikningsskilum sveitarfélaga. Starfsemi er skipt upp í tvo hluta, A-hluta annars vegar og B-hluta hins vegar. Til A-hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en í B-hluta eru fyrirtæki sem eru í eigu sveitarfélagsins og eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar, sem eru: Félagsheimilið Klifi, Félagsheimilið Röst, Veitustofnanir Snæfellsbæjar, Hafnarsjóður Snæfellsbæjar, Húsnæðisnefnd Snæfellsbæjar, Leiguíbúðir með hlutareign og Dvalarheimilið Jaðar.

Fóru endurskoðendur yfir helstu tölur í ársreikningi 2022.

Afkoma Snæfellsbæjar jákvæð um 377 milljónir, eða um 340 milljónum betri en áætlað var.

Rekstur Snæfellsbæjar kom mun betur út en fjárhagsáætlun hafði gert ráð fyrir og var jákvæður um 377,4 m.kr. Útgjöld voru nánast á pari við fjárhagsáætlun og það er eftirtektarvert að forstöðumenn stofnana Snæfellsbæjar eru að skila rekstri sinna stofnana enn eitt árið undir áætlun. Þetta er mjög ánægjulegt og eiga forstöðumenn hrós skilið fyrir hversu vel þeir reka sínar stofnanir og hversu vel þeir eru að fylgjast með fjárhag sinna eininga.

Helstu lykiltölur ársreiknings eru taldar hér:

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu um 3.417 millj. króna samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A- og B-hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum um 2.918 millj. króna. Rekstrartekjur A- hluta námu um 2.644 millj. króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum um 2.319 millj. króna.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A- og B-hluta var jákvæð um 377,4 millj. króna en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir jákvæðri afkomu upp á 36,5 millj. króna. Rekstrarafkoman varð því töluvert betri en áætlun gerði ráð fyrir, eða sem nemur 340,9 millj. króna. Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð að fjárhæð 206,4 millj. króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir afkomu upp á 155 þús. króna. Afkoma A-hluta varð því betri sem nemur 206,2 millj. króna. Þessu fjármagni hefur þegar verið varið til fjárfestinga í innviðum, niðurgreiðslu skulda og þjónustu við bæjarbúa.

Laun og launatengd gjöld sveitarfélagsins námu um 1.723,6 milljónum króna en starfsmannafjöldi sveitarfélagsins nam 147 stöðugildum í árslok.

BHH
 MK
 MS
 FS
 EJ

Veltufé frá rekstri var 443,1 millj. króna og veltufjárlutfall er 0,91 hjá A-hluta og hefur farið hækkandi undanfarin ár. Veltufé frá rekstri í samanteknum rekstrarreikningi A- og B-hluta var 696,7 í árslok 2022 og veltufjárlutfall samstæðunnar er 1,48.

Handbært frá rekstri var 395,7 millj. króna hjá A-hluta en 644,9 millj. hjá samanteknum rekstrarreikningi A- og B-hluta. Þessi tala gefur vísbendingar um hæfni Snæfellsbæjar til að greiða skuldir og standa undir nauðsynlegum fjárfestingum á árinu.

Heildareignir bæjarsjóðs námu um 5.369,8 millj. króna og heildareignir sveitarfélagsins í samanteknum ársreikningi um 6.861,5 millj. króna í árslok 2022.

Heildarskuldir bæjarsjóðs námu um 1.956,6 millj. króna og í samanteknum ársreikningi um 2.096,6 millj. króna, og hækkuðu þar með milli ára um 20 millj. á nafnvirði, en lækkuðu að raunvirði. Þar spilar verðbólga ársins 2022 inn í.

Snæfellsbær hefur verið að greiða niður lán og minnka skuldir undanfarin ár, og á árinu 2022 voru engin ný lán tekin, þrátt fyrir töluverðar fjárfestingar. Hins vegar var verðbólga töluverð, eins og áður segir, og jukust því skuldir Snæfellsbæjar að nafnvirði örlítið sem því nam á árinu 2022. Þó lækkuðu skuldirnar að raunvirði milli ára. Skuldir Snæfellsbæjar við lánastofnanir lækkuðu milli ára, eða um 41,9 millj. hjá samanteknum reikningi A- og B-hluta.

Skuldahlutfall Snæfellsbæjar er lágt, eða 74% hjá A-hluta og 61,36% hjá samanteknum reikningi A- og B-hluta. Ef notað er skuldaviðmið skv. reglum um fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga, þá fer prósentan niður í 49,55% fyrir A-hluta og 37,4% fyrir samstæðuna. Snæfellsbær hefur því töluvert svigrúm til lántöku ef kemur til einhverra stærri tekjufalla í framtíðinni. Skv. 64. gr. 2. málsg. sveitarstjórnarlaga á þetta hlutfall ekki að vera hærra en 150%.

Eigið fé bæjarsjóðs nam um 3.413,2 millj. króna og eigið fé í samanteknum reikningskilum nam um 4.764,9 millj. króna í árslok 2022. Eiginfjárlutfall er 63,56% á árinu 2022 hjá A-hluta en var 62,01% árið áður. Eiginfjárlutfall A- og B-hluta er 69,44% í lok árs 2022 en var 67,56% árið áður. Almennt er talið að 50% eiginfjárlutfall hjá sveitarfélagi sé ásættanlegt.

Miklar fjárfestingar voru á árinu og fjárfesti Snæfellsbær fyrir 424,9 milljónir í varanlegum rekstrarfjármunum.

Fjárhagsstaða Snæfellsbæjar verður því að teljast afar góð.

Bæjarstjórn samþykkti samhljóða ársreikning Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2022 og voru reikningarnir undirritaðir.

Var nú forstöðumönnum og endurskoðendum þökkud koman og véku þeir af fundi.

- 2) **Fundargerð 13. fundar framkvæmdateymis Snæfellsbæjar, dags. 28. apríl 2023.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 3) **Fundargerð 170. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 2. maí 2023.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 4) **Fundargerð 451. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 24. mars 2023.**
Lagt fram til kynningar.
- 5) **Fundargerð 452. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 19. apríl 2023.**
Lagt fram til kynningar.
- 6) **Fundargerð 921. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélags, dags. 30. mars 2023.**
Lagt fram til kynningar.

BHH
Kt
ms
FS
AM
EB
JF
m

- 7) **Fundargerðir 922., 923. og 924. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 31. mars, 5. apríl og 17. apríl 2023.**
Lagt fram til kynningar.
- 8) **Fundarboð aðalfundar Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, dags. 2. maí 2023.**
Lagt fram til kynningar.
- 9) **Minnisblað frá SSV varðandi fræðsluferð fyrir sveitarstjórnarfulltrúa til Skotlands árið 2023.**
Bæjarstjórn stefnir að því að senda fjóra fulltrúa í ferðina.
- 10) **Fundarboð aðalfundar Landskerfis bókasafna hf., dags. 9. maí 2023.**
Lagt fram til kynningar.
- 11) **Bréf frá íþrótt- og æskulýðsfulltrúa, dags. 2. maí 2023, varðandi samvinnuverkefni HA í sjávarútvegi og vinnuskóla Snæfellsbæjar.**
Bæjarstjórn telur þetta verkefni mjög gott og vona að vel takist til. Bæjarstjórn samþykkti jafnframt fjárveitingu, allt að kr. 1.000.000.- til að koma til móts við kostnaðinn sem til gæti fallið.
- 12) **Bréf frá íþrótt- og æskulýðsfulltrúa, dags. 2. maí 2023, varðandi sumarnámskeið 2023.**
Lagt fram til kynningar.
- 13) **Bréf frá leikskólastjóra, dags. 27. apríl 2023, varðandi ósk um aukafjárveitingu til að koma til móts við aukinn matarkostnað í leikskólanum 2023.**
Bæjarstjórn skilur stöðuna, en samþykkti samhljóða að fresta afgreiðslu erindisins til næsta fundar.
- 14) **Bréf frá skólastjóra, dags. 25. apríl 2023, varðandi ósk um aukafjárveitingu til að koma til móts við aukinn matarkostnað í skólanum 2023.**
Bæjarstjórn skilur stöðuna, en samþykkti samhljóða að fresta afgreiðslu erindisins til næsta fundar.
- 15) **Úthlutunarreglur vegna akstursstyrks Snæfellsbæjar til UMF Staðarsveitar.**
Eiríkur vék af fundi undir þessum lið.
Ein breyting var gerð á reglunum, en þær gilda fyrir börn með lögheimili í Snæfellsbæ.
Eiríkur kom nú aftur inn á fund.
- 16) **Bréf frá Vegagerðinni, dags. 21. apríl 2023, varðandi tilkynningu um breyttan endapunkt Staðastadarvegur nr. 5706-01.**
Bæjarstjórn leggst gegn þessari breytingu vegna þess að prestur er búsettur á Staðarstað, og kirkjugarðurinn er innan við prestssetrið.
- 17) **Bréf frá Vegagerðinni, dags. 21. apríl 2023, varðandi tilkynningu um fyrirhugaða niðurfellingu Axlarvegur nr. 5724-01 af vegaskrá.**
Lagt fram til kynningar.
- 18) **Tillaga að reglum Snæfellsbæjar um úthlutun á leiguíbúðum – með viðbótum og athugasemdum velferðarnefndar.**
Bæjarstjórn þakkar ábendingar nefndarinnar. Nokkur umræða fór fram um reglurnar og þær viðbætur og ábendingar sem fram komu. Bæjarstjórn samþykkti samhljóða upphaflegu drögin að reglum um úthlutun á leiguíbúðum á þeim forsendum sem ræddar voru á fundinum. Bæjarstjórn telur nauðsynlegt að slíkar reglur séu skýrar og einfaldar í framkvæmd.
- 19) **Minnispunktur bæjarstjóra.**
- Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðslufirlit ársins.
 - Bæjarstjóri sagði frá því að Snæfellsbæingar eru orðnir 1696.
 - Bæjarstjóri sagði frá sorpmálum.
 - Rætt var um vinabýjarhitting frá Vestmanna og samþykkt að hafa samband vegna heimsóknar.

BHH

M6


MSS


EG

JG

- e) Bæjarstjóri fór yfir kostnað við framkvæmdir við Ólafsbraut 23-25 og við vatnsrennibrautina í sundlauginn í Ólafsvík.
- f) Bæjarstjóri sagðir frá heimsókn húsnefndar Félags eldri borgara í dag.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:26


Björn H Hilmarsson


Jónína Björg Óttarsdóttir



Michael Gluszuk



Auður Kjartansdóttir


Margrét Sif Sævarsdóttir


Eiríkur Böðvar Rúnarsson


Fríða Sveinsdóttir


Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari